

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

Terra,

Sorphirða, flutningur úrgangs, söfnunarstöðvar og verkstæði

Starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda um rekstur til meðhöndlunar úrgangs, flutnings til meðhöndlunar eða förgunar úrgangs, rekstur söfnunarstöðva og viðgerðarverkstæði. Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.	550/2018 5.gr. 737/2003 19.gr.	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	
1.3	Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem reksturinn þarf að uppfylla. Til verndunar heilsu fólks skal staðsetning söfnunarstöðva taka mið af að ekki hljóti af óþægindi fyrir íbúa og taka tillit til nálægðar t.d. við íbúðarhús, skóla, matvæla- og sölustaði, heilbrigðisstofnanir og aðra dvalarstaði fólks.	550/2018 737/2003	
1.4	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt auk kröfum í starfsleyfisskilyrðum. Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná markmiðunum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	

1.5	<p>Rekstraraðili hefur eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a. fram:</p> <p>a) Staðfesting viðkomandi bæjar/sveitastjórnar eða byggðasamlög um samstarfssamning.</p> <p>b) Fjöldi söfnunarsvæða og söfnunarstöðva, hnitúð staðsetning þeirra, söfnunarflokkar og magn móttækis úrgangs/efni til endurnýtingar.</p> <p>c) Fjöldi olútanka, staðsetning olúafyllingarsvæða, olúskilja, magn og rýrnun olú.</p> <p>d) Atvik er varða mengunarvarnir s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnarbúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfis.</p> <p>e) Notkun, flutningur og förgun spilliefna.</p> <p>f) Magn olúsora og sands í olúskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila.</p> <p>Heilbrigðisfulltrúar skulu hafa aðgang að ofangreindum skráningum.</p>	550/2018 8. og 57. gr. 884/2017 806/1999 737/2003	
1.6	<p>Rekstraraðili skal veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Heilbrigðisnefnd metur innan fjögurra vikna frá móttöku upplýsinganna hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.</p>	550/2018 13. gr.	
1.7	<p>Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður. Þá skal fjarlægja allan rekstrarúrgang og ganga frá mannvirkjum, vélum og tækjum að ekki stafi hætta af.</p>	Lög nr. 7/1998	
1.8	<p>Endurskoða skal starfsleyfið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018. Almennigur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunarvarnareftirlit. Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.</p>	Lög nr. 55/2012 550/2018 6., 14. gr og 57. gr	

2. ATHAFNASVÆÐI, LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	<p>Athafnasvæði, lóðir og húsnæði skulu vera snyrtileg og vel við haldið. Notkun lóða og húsnæða skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt.</p>	737/2003 16. og 18. gr. 550/2018 112/2012	
2.2	<p>Haga skal nýtingu lóða í samræmi við samþykkt skipulag, virða lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota. Við húsnæði skulu vera viðurkennd sorpílát</p>	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.3	<p>Söfnunarstöðvar skulu afgirtar. Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, ónýtar vélar og vélahluti og annan úrgang á þann hátt að snúi að almenningi, valdi slyshættu, mengun eða lýti á umhverfinu. Gámum og öðrum flátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.</p>	Lög nr. 112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

	Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á, vegna fohættu, slyshættu eða lýti á umhverfi.		
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka. Þeir skulu vera í þróum eða staðsettir á öruggan hátt á olíuheldu plani með afrennsli í samþykktu olíuskilju. Olíuáfyllingar skulu fara fram á áfyllingsplani sem tengt er olíuskilju, nema annað sé tekið fram. Gæta skal ítrustu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar og verði vart olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur skilað á móttökustöð og heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn. Fari niður meiri olía en starfsmenn ráða við að fjarlægja strax, skal slökkviliði strax gert viðvart um neyðarsíma 112. Um ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni gilda lög um umhverfisábyrgð. Ekki skal geyma meira en nauðsynlegt er vegna skammtímanotkunar af smurólíum á svæðinu.	884/2017 550/2018 5 5. gr., lög nr. 75/2000 og lög nr. /55/2012.	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað er tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu. Rekstraraðili ber ábyrgð á slysavörnum á sínu athafnasvæði. Takmarka skal umferð óviðkomandi um lóð og girða hana í samráði við skipulagsyfirvöld.	Lög nr. 112/2012 og rg. nr. 737/2003 941/2002	
2.6	Úrgangsolía, notaðar olíusúr og rafgeymar eru spilliefni, geymsla á þeim ásamt málningu, málningarafgöngum, smurólíum og smurfeiti skal vera á öruggum stað innan dyra.	806/1999 5. gr.	

3. ALMENNAR KRÖFUR UM MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennislagna skulu vera tiltækar hjá rekstraraðila. Breytingar á frárennslikerfi þurfa samþykki byggingafulltrúa. Búnaði til mengunarvarna skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ. Ekki má skerða mengunarvarnir á fráveitu sem fyrir eru né takmarka möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.	Lög nr. 112/2012 798/1999	
3.2	Við meðhöndlun úrgangs og spilliefna skal þess gætt að óþrifnaður og óþægindi stafi ekki af. Bannað er að geyma, skilja eftir, flytja eða dreifa úrgangi á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Úrgangshafa er óheimlit að þynna eða blanda úrgang í þeim eina tilgangi að hann fullnægi viðmiðunum um móttöku úrgangs. Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	737/2003 415/2014 og lög nr. 61/2013	

3.3	Geyma skal spilliefni og önnur hættuleg efni aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum eða úrgangi í vel merktum ílátum. Að söfnun lokinni skal skila spilliefnum til viðurkenndra söfnunarstöðva og þaðan til móttökustöðva eða aðila til förgunar eða endurnotkunnar. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Óheimilt er að losa spilliefni og önnur hættuleg efni í fráveitu og skal viðhafa viðurkennt gæðakerfi með frávikaskráningu og viðbragðaáætlun þegar slys ber að höndum.	806/1999 798/1999	
3.4	Rekstraraðila skal hvetja til að dregið verði úr myndun úrgangs, endurnotkunar, endurnýtingar áður en farið verður með úrgang til förgunar. Skal þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Loftræsing frá verkstæði skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum og vegfarendum óþægindum eða heilsufarslegri áhættu vegna lyktar, mengunar eða hávaða. Afsog skal leitt upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur eða hreinsað á viðunandi hátt.	737/2003 724/2008, rg. nr. 550/2018 52. gr. og rg. nr. 787/19 99 5. gr. og 9. gr.	
3.5	Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka vatnsnotkun og halda ítarlega skrá yfir hana sem sé aðgengileg í eftirliti.	550/2018	
3.6	Rekstraraðili er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða frá starfsemi, sbr. 1.mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.	970/2013	
3.7	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013. Einnig fyrir efnanotkun á verkstæði.	724/2008 8. gr. 61/2013 30. gr.	
3.8	Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olú og olúefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

4. SÉRTÆKAR KRÖFUR UM MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Rekstraraðili skal tryggja að ryk, fok, leki ofl frá lóð og starfsemi valdi ekki ónæði eða tjóni utan lóðarmarkna með því m. a. að: a) Hafa aksturleiðir, bílaplön og geymslusvæði með bundnu slitlagi. b) Skipuleggja reglubundin þrif á akstursleiðum, geymslusvæðum og plönnum, til að minnka óþægindi vegna ryks. c) Á stöðinni sé aðgengilegur búnaður til dekkjapvotta fyrir flutningabifreiðar og önnur þungavinnutæki.	737/2003	
4.2	Hreinsunarárgangur s.s. salernisúrgang, síu-eða ristarúrgang og seyru skal fara á viðurkennda móttöku- eða förgunarstöð. Sama á við um úrgang frá landbúnaði nema reglugerði kveði á um annað. Úrgangur frá	737/2003	

	heilbrigðisstofnunum skal meðhöndaður á viðunandi hátt og ekki blandast öðrum heimilisúrgangi, gæta skal ítrustu varkárni og nákvæmni við meðhöndlun og taka ekki við slíkum úrgangi nema hann komi þannig frágenginn eins og kveðið er á í reglugerðum.		
4.3	Pungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskírteini. Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt á verkstæði til viðgerða. Rekstraraðili skal hafa þvottaaðstöðu til þrifa á búnaði, tækjum og bifreiðum.	550/2018 8/2009	
4.4	Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotþró eða fráveitukerfi sveitarfélags. Ef rotþró er á staðnum skal fylgja leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir.	510/2018	
4.5	Frárennsli frá söfnunarstöðvum skal hreinsað áður en því er veitt í móttaka. Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli. a) Fráveituvatn frá söfnunarstöðvum, allri þvottaaðstöðu fyrir búnað, tæki og bifreiðar, akstursleiðum kringum söfnunarstöðvar og öðrum þeim stöðum þar sem líkur eru á menguðu vatni, skal leiða í fráveitu sveitarfélagsins nema annað sé getið í lóðarskilmálum. Afrennsli frá öðrum hlutum lóðar, en þar sem líkur eru á að vatn sé olíu eða spilliefnamengað, skal leitt í sandfang áður en það fer í fráveitu eða í annan móttaka í samræmi við lóðarskilmála.	806/1999 798/1999	
4.6	Yfirbragð söfnunarstöðva skal vera snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið. Úrgangur sem geymdur er utandyra skal vera í þar til bærum ílátum og snyrtilega umgengið. Öll brennsla og urðun úrgangs er bönnuð. Rekstraraðili sér til þess að fjarlægður sé jafnóðum allur búnaður og hlutir sem kunna að berast inn á svæðið og eru rekstrinum óviðkomandi.	737/2003	
4.7		787/1999 5. gr. 737/2003 11. Gr 550/2018	
4.8	.	787/1999 5. gr.	
4.9	Lágmarka skal eins og kostur er notkun á hættulegum eða umhverfisskaðlegum efnum s.s. við hreinsun tækja og búnaðar. Velja skal umhverfisvænni efni þar sem þess er kostur. Rekstraraðili skal halda ítarlega skrá yfir efnanotkun sem sé aðgengileg í eftirliti.	550/2018 888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	

5. EFTIRLIT

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

Starfsleyfisskilyrðin eiga m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):